


Starfsáætlun

Lóuhreiður

2018-2019



Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar	3
Stefna leikskólans	4
Daglegt líf í Rjúpnahæð	4
a. Dagskipulag Lóuhreiðurs.....	5
b. Daglegar venjur í Rjúpnahæð	5
c. Fataherbergið	6
d. Hreinlætisvenjur	6
e. Matmálstímar	7
f. Að fara heim.....	8
Lýðræði og jafnrétti í Rjúpnahæð.....	8
Áherslupættir vetrarins	11
g. Læsi og samskipti.....	11
h. Samverustund.....	13
i. Sögustund	16
j. Hópastarf	16
k. Heilbrigði og vellíðan.....	17
l. Útikennsla.....	18
m. Útivera	19
n. Sjálfbærni og vísindi	20
o. Sköpun og menning.....	21
p. Tónlist.....	22
q. Vináttuverkefni Barnaheilla - Blær.....	23
Lokaorð	24

Almennar upplýsingar

Gildistími: September 2018 - september 2019

Leikskóli: Rjúpnahæð s: 441-6700

Deild: Lóuhreiður s: 441-6715

Sveitarfélag: Kópavogur

Deildarstjóri: Unnur Kristjánsdóttir M.Ed í leikskólakennarafræðum
(fæðingarorlof)

Lilja Dögg Guðmundsdóttir Leiðbeinandi - 100%

Vinnutími Breytilegur

Hrönn Gísladóttir Leikskólaliði - 100%

Vinnutími Breytilegur

Undirbúningstími: Breytilegur

Aðrir starfsmenn: Karolina Kuczynska - Grunnskólakennari - 100%

Vinnutími Breytilegur

Sóley Arna Friðriksdóttir - Leiðbeinandi - 100%

Vinnutími Breytilegur

Fjöldi barna: 14 börn fædd 2016

Stefna leikskólans

Leikskólinn vinnur samkvæmt leikskólastefnu Kamii og DeVries sem byggist á hugsmíðahyggju. Barnið notar leikinn sem tæki til að byggja upp þekkingu og lærir þannig eigin virkni. Leikurinn er kjarninn í uppeldi og menntun barnsins og það er virkur þátttakandi í eigin uppbyggingu félagslegrar færni sem og siðgæðis- og vitsmunaproska. Þessu til viðbótar styðjumst við í Rjúpnahæð einnig við kenningar Berit Bae en hún leggur áherslu á viðurkennandi samskipti og viðmót. Meginmarkmið leikskólans eruð að stuðla að sjálfræði barnanna, en þá er átt við að barnið geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þekkingu og vangaveltum um það sem barnið telur rétt eða rangt. Sjálfræði felur í sér ábyrgð og sjálfsaga.

Segja má að sjálfræði sé til staðar hjá barni þegar það lætur stjórnast af sjálfu sér. Sjálfræði er forsenda lýðræðis, en stuðlað er að lýðræðislegum vinnubrögðum í leikskólanum, þar sem málefni eru rædd við börnin, þeim gefin kostur á tjá sig og sameiginleg niðurstaða fundin á ýmsum málefnum innan leikskólastarfsins. Það sem ýtir undir sjálfræði og við höfum að leiðarljósi er: virðing, viðurkenning, samvinna, samkennd, lýðræðisleg vinnubrögð, ábyrgð, val á viðfangsefnum, umhverfi, ágreiningur/skoðanaskipti, sjálfstæði, gagnrýn hugsun, og öryggi. Stuðlað er að markmiðum sjálfræðis í öllu starfi leikskólans.

Daglegt líf í Rjúpnahæð

Venjubundnar athafnir daglega lífsins í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna og heilsu. Markmiðið er að börnin verði sjálfstæð og sjálfbjarga. Í leikskólanum er barnið í brennidepli og starfshættir taka mið af þroska og þörfum hvers einstaklings. Til þess að svo megi verða er leikskólstarfinu skipt í ýmiskonar leik-, náms- og samverustundir bæði inni og úti (t.d. frjáls leikur, hópstarf, samverustund, vinastund). Lögð er áhersla á að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar til að taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum sem boðið er upp á í leikskólanum.

Mikil áhersla verður lögð á dagleg samskipti við foreldra.

Dagskipulag Lóuhreiðurs

Í leikskólanum er ákveðið dagskipulag sem starfið er skipulagt út frá, skipulagið er þó sveigjanlegt og þarfir barnanna hafðar að leiðarljósi, þroski þeirra sem og aldur.

07:30-8:00	Leikskólinn opnar/tekið á móti börnunum á Prastahreiðri
08:00-8:30	Tekið á móti börnunum inni á deild /Hafragrautur á Lóuhr.
8:30-9:30	Flæði
9:30-9:50	Samverustund/veðurfræðingur/tónlist vikulega
9:50-10:00	Ávaxtastund
10:00-11:15	Hópastarf/Lundur/Laupur/Útivera/ flæði
11:15-12:00	Hádegismatur í matsal
12:00-13:00	Hvíld
13:00-14:20	Hvíld/róleg stund/flæði
14:20-15:00	Kaffitími
15:00-16:15	Sögustund/útivera/ borðvinna
16:15-16:30	Frjáls leikur á Lóuhreiðri/ útivera

Á föstudögum er vinastund kl. 11:10, þar sem allir í leikskólanum koma saman, syngja og njóta þess að vera saman.

Daglegar venjur í Rjúpnahæð

Að koma í leikskólann

Það er mikilvægt að börnin læri að heilsa og kveðja þegar það kemur og fer úr leikskólanum. Starfsmaður tekur á móti börnunum með nafni og býður því og foreldri þess góðan daginn.

Fataherbergið

Markmið:

- Börnin klæði sig í og úr hlífðarfatnaði sjálf
- Þjálfa gróf-og fínhyfingar
- Auka orðaforða barnanna, s.s heiti yfir liti, fatnað, líkamann, veðrið osfrv.
- Börnin eflist í sjálfstæði sínu í fataherberginu.

Leiðir:

- Merkja hólfi barnanna með nafni og tákni
- Taka börnin fram í fámennum hópum
- Aðstoða börnin við að hjálpa sér sjálf. Börnin eru hvött til að prófa sjálf. Fyrst sýna kennarar góðar aðferðir sem gætu hjálpað og rétt svo hjálparhönd ef þörf er á.
- Gefa börnunum tíma og rými til að athafna sig
- Skapa rólega stund
- Ræða við börnin í fataklefanum, segja þeim hvað þau eru að fara í og þess háttar.
- Hrósa og hvetja
- Hvetja til lausnaleitar. Ef þau segjast ekki geta eitthvað þá sýnum við þeim leiðir sem gætu hjálpað. Hvetjum þau til að prófa nýju leiðina áður en við hjálpum þeim.

Hreinlætisvenjur

Markmið:

- Fræða börnin þannig að þau verði meðvituð um gildi hreinlætis og handþvottar, meðal annars að þrifa andlit eftir mat og þurrka nef sitt þegar við á
- Að börnin þjálfist í að nota salerni
- Börnin læri að meta sjálf hvenær það þurfi að fara á klósettið

- Hafa notalega stund við bleyjuskipti

Leiðir:

- Aðstoða börnin í smærri hópum til að verða sjálfbjarga
- Kenna börnum hvernig handþvottur fer fram. Sýna þeim hvernig þau sækja sér sápu (rétt magn), nudda vel hendurnar með sápunni og svo skola.
- Aðstoða börnin að þvo sér um hendur eftir salernisferðir, útivist og máltíðir
- Stuðla að ró og næði þegar börnin byrja að nota klósett með því að bjóða þeim 1-3 í einu. Tala rólega og sýna mikla athygli og gefa þeim góðan tíma.
- Málörvun í baðherbergi - í baðherberginu hengjum við upp myndir sem þau geta skoðað á meðan þau liggja á skiptiborðinu, oft koma upp áhugaverð umræðuefni í sambandi við myndirnar. Myndirnar eru oft þematengdar.
- Notkun Tákn með tali - myndir eru á speglum sem sýna í hvaða röð handþvotturinn er. Svo eru notuð tákn fyrir klósett, bleyju og búið. Til að leggja áherslu á það sem við erum að gera.

Matmálstímar

Matar- og kaffitímar eru kjörin staður til ýmissa umræða um lífið og tilveruna. Við munum leggja áherslu á að gefa börnunum kost á að ræða það sem þeim liggur á hjarta og stuðla þannig að auknum málþroska þeirra.

Markmið:

- Aðstoða börnin við að verða sjálfbjarga í matmálstímum, læri góða borðsiði, sýni tillitsemi og hjálpsemi.
- Að börnin læri að nota hnífapör
- Að börnin læri að ganga frá eftir sig.
- Að börnin venjist við að þakka fyrir sig

Leiðir:

- Börnin eru hvött til að láta skálar með meðlæti ganga á milli borðfélaga sinna. Kennarar kenna börnunum að nota venjuleg glös í stað stútkanna, nota hnífapör og hvernig á að skera matinn í bita.
- Börnunum er sýnt hvar og hvernig þau eiga að ganga frá disknum sínum, hnífapörum og glasi. Hvert matarleifar eiga að fara. Oft reynist erfitt fyrir þau að halda á öllu í einu og kennum við þeim að velja hversu mikið þau geta haldið á í einu og fara þá frekar fleiri ferðir. Starfsmaður er góð fyrirmynd í borðsiðum og samskiptum
- Hver matmálstími hefst á munnlegri og táknrænni kynningu á matnum. Fyrir hvern matartíma setjast öll börnin á mottuna inn á deild og börnum er upplýst hvað sé í matinn og sungið er saman matarlagið „allur matur á að fara“ eftir það fær hvert barn matarmiðan sinn, um leið æfa þau sig í að læra tákinn sín.
- Börnin eru hvött til að smakka allan mat

Að fara heim

Í lok dags kveður starfsmaður börnin með nafni og foreldra og þakkar fyrir daginn.

Lýðræði og jafnrétti í Rjúpnahæð

Í lýðræði taka einstaklingar virkan þátt í mótun samfélagsins. Í Rjúpnahæð leggjum við áherslu á áhuga barnanna og ábyrgð þeirra á eigin námi. Við tökum mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Börn læra til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Gagnrýnin hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins leiðir til lýðræðis- mannréttinda. Lýðræðislegur leikskóli getur þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

Jafnrétti skapar tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi. Í Rjúpnahæð er lögð áhersla á að drengir og stúlkur eigi víðtæka og jafna möguleika. Einnig er lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál og lífsskoðanir. Ásamt því að vinna eftir skóla án aðgreiningar í öllu skólstarfinu.

Markmið:

- Börnin læri lýðræðisleg vinnubrögð með því að nota opnar spurningar, skoðanaskipti, og allar skoðanir séu virtar.
- Kennarar séu mismunandi leiðir að lýðræði
- Börnin taki ábyrgð á ákvörðun sinni og fylgi henni eftir.
- Börnin læri að tjá skoðanir sínar og hugmyndir.
- Börnin læri að þau geti haft áhrif.
- Börnin læri að hlusta og virða skoðanir annarra.
- Barnahópurinn læri að taka sameiginlega ákvörðun og að skoðanir allra skipta máli.
- Börnin læri að gæta jafnréttis í leik.
- Að börnin læri að setji sig í spor annarra og þau hafi val um að bjóða öðrum að vera með í leik sem þegar er byrjaður.
- Að börnin læri að manneskjur eru margbreytilegar, hafi ólíkar skoðanir, tali mismunandi tungumál og alast upp í fjölbreyttum menningarheimum.
- Börnin fái að hafa skoðanir og val um dagleg verkefni.
- Að börnin læri að bera virðingu fyrir öðrum börnum og fullorðnum

Leiðir

- Deildarstjóri ásamt kennurum velur leiðir til að kenna lýðræði, taka eitt í einu, nota lýðræðið í öllu daglegu starfi Notast er við opnar spurningar, skoðanaskipti og áhersla er lögð á að mikilvægt sé að virða skoðanir allra

- Við kennum börnunum að nota sögusteinanna okkar sem hjálpartæki til að segja frá eða tjá sig. eða stuðla að lýðræði og þannig hlusta á mismunandi skoðanir
- Í vetur ætlum við að taka fyrir einn þátt lýðræðis - kosningar. Börnin koma til með að hafa áhrif með því að kjósa um allskonar efnivið eða annan daglegan part í deginum.
- Kosningar geta verið framkvæmdar með ýmsum háttum t.d. ef velja á milli tveggja eða fleiri ákveðna þátta eru myndir hengdar upp á töflu sem tákna hvern þátt fyrir sig. Börnin koma síðan upp að töflu og setja mynd af sér undir þann þátt sem þau kjósa. Síðan eru atkvæði talin og úrslit tilkynnt.
- Önnur leið er að börnin fá í vetur að velja hvort þau fari út fyrir hádegi eða eftir hádegi. Tvö plögg hanga á veggnum inn á deild, eitt plagg er með mynd af inniveru og hitt er mynd af útiveru. Börnin fá svo í samverustund eitt í einu að taka myndir af sjálf sér og hengja á annað hvort plaggið. Þannig eru þau búin kjósa hvort þau vilji vera inni eða úti.
- Kosningar geta átt sér stað í ýmsum aðstæðum í leikskólanum. Í kringum dag leikskólans fá börnin að kjósa hvað um eigi að vera í matinn á þeim degi, hægt er að kjósa hvora bókina á lesa í sögustund.
- Þegar börnin eru spurð um sínar skoðanir geta þær verið skráðar í hugarkort. Þannig eru skoðanir þeirra gerðar sýnilegar öðrum.
- Kennarar hafa það hlutverk að aðstoða börnin við að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri. Þau eru hvött til að tjá sig með orðum - t.d. með því að spyrja þau opinna spurninga. Spyrja hvað þau vilja. Ef þau geta ekki tjáð með orðum veitir kennari þeim önnur verkfæri sem þau geta tjáð sig í gegnum, t.d táknum. Mikilvægt er að gæta þess að öll börn fái tækifæri til að tjá sig um málefni sem varðar þau. T.d. ef spurning er spurð í samverustund er mikilvægt að biðja um svör með hlutlausum hætti, t.d. með því að gera „ugla sat á kvisti“

Áherslupættir vetrarins

Markmið okkar er að vinna með alla þroskapætti barnsins í gegnum námssvið leikskólans. Aðal áherslan er að samræma vinnubrögð í tengslum við samskipti barna og fullorðinna, lögð verður áhersla á að byggja upp sjálfstjórn og hjálpa börnunum að leysa ágreining. Við ætlum að skoða hvernig kennarar taka þátt í leik barna, hvenær tökum við þátt og hvenær ekki. Jafnframt ætlum við að skoða og þróa leiðir til skráningar á leik og samskiptum barna, til að geta skoðað hvar áhugasvið þeirra liggur og til að skilja betur reynsluheim þeirra.

Hér á eftir verða markmið hvers sviðs sett fram sem og leiðir sem við munum notast við til að ná settum markmiðum.

Læsi og samskipti

Læsi snýst um merkingu orða og samkomulag manna um málnotkun. Í Rjúpnahæð felur læsi í sér hæfni, þekkingu og leikni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá tilfinningar, skoðanir og upplifun sína á fjölbreyttan hátt.

Börn hafa mikla þörf fyrir samskipti við aðra. Þau spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Þau nota ýmsar leiðir til eiga samskipti við aðra og tjá sig. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta.

Markmið:

- Börnin læri samskipti í gegnum leikinn
- Í leikskólanum heyri börnin fjölbreytt og vandað málfar og sjá ritmál notað við margvíslegar aðstæður.
- Börnunum kennt að skiptast á skoðunum, hlusta á hvert annað og bera virðingu fyrir hvoru öðru.

- Auka málskilning og málnotkun barna með markvissari málörvun.
- Bækur og bókasafn sé vel aðgengilegt fyrir börnin
- Að börnin geti lesið í umhverfi sitt og aðstæður
- Samverustundir og sögustundir séu sem fjölbreyttastar fyrir börnin
- Tákn með tali verði tæki fyrir börnin sem þau geta nýtt sér í aðstæðum þar sem þess þarf

Leiðir:

Eru fjölmargar, allt leikskólastarf byggist í raun á því að börnin læri að vera læs á umhverfið sitt ásamt því að hafa samskipti við aðra bæði börn og fullorðna. En leiðirnar eru meðal annars:

- Að börnin hafi aðgang af fjölbreyttum aðstæðum til að tjá skoðanir sínar, tilfinningar og upplifun
- Gefa börnum nóg af tækifærum til að tjá sig og næði
- Fjölbreyttar sögustundir
- Orðaleikir
- Tala mikið við börnin í öllum aðstæðum
- Setja orð á flesta hluti í daglegu starfi leikskólans
- Kennarar skipuleggja umhverfið þannig börnin geti lesið í það bæði með ritmáli og myndum
- Skapa jákvætt leikumhverfi sem ýtir undir tjáskipti milli barnanna
- Að nota tákn með tali þegar við á
- Að börnin fari heim með Bingó bangsa allavega 2 á ári. Einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót
- Að börnin upplifi Sýna og sjá

Þessi listi mun aldrei vera tæmandi og er endalaust hægt að bæta við hann þar sem læsi og samskipti er eitt af því sem er mest notað í leikskólasamfélaginu.

Samverustund

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki bæði fyrir félags- og málþroska barnanna, þar er vettvangur fyrir þau að tjá sig og hlusta á aðra. Í samverustund er sungið upphafslag til að hefja stundina. Stundinni er síðan skipt niður í eingingar með söng, upplýsingum, veðurfræðing, tónlistarstundum eða öðru.

Með veðurfræðing læra börnin um árstíðirnar, ýmis hugtök sem tengjast veðrinu og áhrif veðráttu á landslagið. Auk þess læra þau að klæða sig eftir veðri.

Í samverustundum er auk þess farið yfir dagskipulag, farið er yfir hvaða börn eru mætt, afmælissögnurinn sunginn fyrir afmælisbarn dagsins og margt fleira.

Stundum fer Bingó bangsi með börnunum heim. Við ræðum það allt í samverustund, skoðum myndir og lesum í bókinni sem honum fylgir.

Markmið:

- Að börnin geta setið án þess að trufla hvert annað
- Börnin læri að vera virkir þátttakendur í fjölbreyttum umræðum
- Börnin læri að lesa sjónrænt dagskipulag með aðstoð kennara.
- Börnin læri grunnupplýsingar um sjálf sig sbr. nafn, hvað þau eru gömul, hvenær þau eiga afmæli, nöfn foreldra og systkina
- Börnin geti talað fyrir framan hóp.
- Börnin athugi veðrið og læri að klæðast eftir því
- Að börn og starfsfólk eigi notalega stund saman
- Börnin læri lög, ljóð og þulur
- Börnin læri að nota Tákni með tali

Leiðir:

- Börnin hlusti á hvort annað

- Farið er yfir sjónræna dagskipulagið í hverri samverustund. Þá er talað um og bent á myndirnar. Dagskipulagið hangir upp á vegg þannig þau geta alltaf skoðað það þegar þau vilja.
- Sögusteinninn er notaður í til að þjálfa virka hlustun og umræður. Börnin æfist í að tala fyrir framan hóp með auðveldum aðferðum eins og t.d. að börnin segja frá sjálf sér og/eða fjölskyldu sinni.
- Kennarinn upplýsir börnin með hjálp barnanna hvernig veðrið er með því að nota veðurfræðinginn sem er daglegur viðburður í samverustundinni. Þá kíkjum við útum stóra gluggann og segjum frá hvað við sjáum, er rigning, er sól, er vindur o.s.f.v. svo förum við yfir hvað við þurfum að klæða okkur í samkvæmt veðri.
- Nota sólina á mottunni til þess að leyfa börnunum að tala, eða að það sé talað til þeirra t.d. á afmælisdaginn - afmælisbarnið fær að sitja á sólinni þann daginn og sungið er fyrir barnið afmælisöngurinn.
- Kennarinn hefji umræður og komi með fræðslu þegar við á
- Brjóta samverustundina upp í nokkrar einingar, með söng, upplýsingum og samræðum. Það er gert til að forðast áhugaleysi og truflun. Upphaf samverustundar er alltaf eins svo er skipst á að tala um daginn, sungið lög, veðurfræðingurinn, stundum er innlögn eða fræðsla um viðburði eða annað slíkt og svo endað alltaf eins.

Taka mið af dagsformi barnanna hætta fyrr ef þau hafa ekki áhuga og lengur ef þau hafa mikinn áhuga.

Veðurfræðingur

Veðurfræðingurinn er mikilvægur liður í samverustund. Hann er ein leið til að efla barnið á margan hátt: að æfa sig í að koma fram, kenna börnum að lesa í umhverfið, bera ábyrgð á verkefni, efla málörvun, byggja upp sjálfstæði, sjálfstjórn og sjálfstraust.

Veðurfræðingurinn er líka þáttur í því að kenna börnunum að bera virðingu fyrir þeim sem eru að koma fram.

Sjálfræði, ég sjálf/ur.

- *Sjálfstæði*
- *Sjálfstjórn*
- *Virðing*
- *Ábyrgð*
- *Málörvun*
- *Læsi í umhverfi*
- *Sjónarmið*

Leiðir

Veðurfræðingurinn fer fram í samverustund. Við notumst við töflu sem kennarar líma á myndir með hugtökum. T.d. rigning, alskýjað, sól og fl. Einnog erum við með myndir af ýmsum útifötum.

- Horft út um glugga og skoðað hvernig veðrið er
 - Hvort það sé heitt eða kalt.
 - Hvort að tréin hreyfist.
 - Hvort það sé sól eða rigning.
 - Hvernig skýin líta út.
- Við spyrjum opinnar spurninga, eins og „hvernig er veðrið úti“ og „hvernig þurfum við að klæða okkur“
- Kennari er í hlutverki veðurfræðings en fær börnin með sér í að skoða veðrið.
- Eftir áramót verða börnin sjálf veðurfræðingar
 - Börnin skiptast á með því að kennararnir draga einhverja mynd af barni upp úr öskju.

Megináhersla

- Virðing - Æfa sig í að hlusta þegar annar talar.
- Sjónarmið - Fá þátttöku og sjónarmið barnanna á veðurfari og klæðnaði í sambandið við veðrið.
- Málörvun - Kenna orð og hugtök tengt veðri og fatnaði.
- Vera í hóp - Læra að sitja saman í hring.

Sögustund

Sögustund er mikilvægur vettvangur fyrir málörvun og að beina sjónum barnsins að fróðlegum hlutum.

Markmið:

- Vekja áhuga barnanna á bókmenntum
- Þjálfva börnin í að sitja í stórum og litlum hópum
- Að börnin læri að hlusta og fylgjast með
- Auka málskilning barnanna með fjölbreyttum hætti
- Börnin læri að umgangast bækur

Leiðir:

- Lesa sögur, þulur og ljóð, lesnar poka- og loðtöflusögur.
- Vera með börnin í stærri og minni hópum í sögustund.
- Spyrja börnin út úr sögunni sem lesin var fyrir þau.
- Starfsmenn leiðbeini börnunum hvernig þau eigi að fara með bækur með því að sýna þeim hvernig á að fara með bækur og útskýra hvað gerist ef við förum illa með þær.

Hópastarf

Hópastarfið er flæðandi þannig að börnin ráði hvort og hvenær þau taki þátt. Hópastarfið er skipulagt eftir árstíðum, áhugasviði barnanna eða öðru sem tengist lífi barnanna í leikskólanum.

Markmið:

- Hafa verkefnin fjölbreytt og áhugaverð
- Gera hópastarfið spennandi þannig að börnunum langi virkilega að koma í hópastarf
- Auka úthald barnanna við ýmsa hópastarfsvinnu

- Börnin læri að nota skynfærin sín
- Börnin læri að vera í hóp

Leiðir:

- Kennari leggur fram hugmyndir hvort sem þær eru spröttar frá börnunum eða honum sjálfum. Yfirleitt eru verkefni þematengd en stundum er farið eftir áhugasviði.
- Árstíðarbundin verkefni
- Verkefni tengt börnunum, ég sjálf, fjölskyldan mín og þess háttar.
- Fjölbreyttur efniviður

Heilbrigði og vellíðan

Í Rjúpnahæð stuðlum við að heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að proska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Áhersla er lögð á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi sem leggur grunninn að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Við leggjum áherslu á að börnin fái tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. En helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.

Í Rjúpnahæð viljum við á sama hátt stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Áhersla er lögð á að börnin læri að skammta sér sjálf og þau hvött til að smakka allan mat. Ásamt því að stuðla að uppeldis- og félagslegu gildi máltíða meðal annars með því að gefa nægan tíma til að nærast.

Markmið:

- Að börnunum líði vel í leikskólanum
- Að börnin verða örugg í barnahópnum
- Barnið geti treyst kennaranum og leitað eftir öryggi

Leiðir:

- Að kennari læri að þekkja hvert barn og þarfir þess t.d. með skráningu.
- Nota sjónrænt dagskipulag sem hangir á veggnum okkar inn á deild.
- Nota tilfinningarspjöld (sem sýnir mismunandi tilfinningar í andliti s.s. leiður, glaður, spenntur...) í litlum hópum. Tilfinningaspjöld verða upp á vegg og geta börnin alltaf skoðað myndirnar og t.d. bent okkur á hvernig þeim líður ef ekki er hægt að nota orðin.
- Hvetja þau til að nota eigið frumkvæði. Með auknu frumkvæði líður þeim betur. Þau læra að þau geti haft áhrif. Jafnframt hafa þau stjórn á því hvernig þau vilja jafna sig ef þeim líður illa. Læra fljótt hvað hentar þeim, hvort sem þau vilja knús, kúr eða jafna sig ein/einn í smá stund.
- Að allir fái tækifæri að tjá eigin upplifun t.d. í samverustund
- Að kennarar hlusti á börnin
- Ágreinungur leystur á sanngjarnan hátt - vináttu hugtakið er aldrei langt undan og grípum við oft í það . við notum ávallt „við“ og að við séum öll vinir.
- Samtöl starfsfólks við börn eru uppbyggjandi og hvetjandi
- Börnin eru aðstoðuð við að byggja upp innri aga (sjálfstjórn) með því að dreifa huganum og stundum grípum við í slökun og öndunaræfingar.
- Leiðbeina börnunum að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Hrósir eru aldrei langt frá.

Útikennsla

Útikennsla gefur börnum tækifæri á því að komast í snertingu við íslenska náttúru sem hefur upp á svo margt að bjóða. Leikskólalóðin og umhverfið í kringum Rjúpnahæð er fjölbreytt og gefur það börnunum tækifæri á því að skapa merkingabæra reynslu með því að upplifa hlutina á sínum forsendum. Að börnin fái fjölbreytt námsumhverfi eykur færni þeirra til þekkingarsköpunar sem stuðlar að betra námi.

Markmið:

- Börnin læra að bera virðingu fyrir umhverfinu
- Börnin fá fjölbreytt námsumhverfi
- Börnin fá að njóta útiveru
- Börnin fá að upplifa nýja hluti á nýjan hátt
- Að börnin fari í fjölbreyttar vettvangsferðir

Leiðir:

- Útikennslan verði sem fjölbreyttust í nánasta umhverfi leikskólans Vettvangsferðir.

Útivera

Börnin fara út að minnsta kosti einu sinni á dag, ef veður leyfir. Börnin læra smátt og smátt að taka ábyrgð á því hvenær dags þau fara út og með hverjum. Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Hún byggist á því að börn geti leikið sér frjálst og fengið útrás fyrir hreyfiþörf sína á jákvæðan hátt jafnframt því að vera í snertingu við náttúruna, en einnig er boðið upp á skipulagða leiki, t.d. ýmsa hópleiki.

Markmið:

- Að börnin kynnist öðrum börnum og starfsfólki leikskólans
- Börnin æfi samhæfingu gróf-og fínhreyfinga í hinum ýmsu leikjum
- Börnin fái að njóta útiveru í íslenskri veðráttu

Leiðir:

- Fara fjölbreyttar vettvangsferðir.
- Að börn fái að velja sjálf hvenær þau fara út yfir daginn
- Bjóða upp á flæðandi sumarskóla með fjölbreyttum verkefnum

Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, lýðræðisleg vinnubrögð, heilbrigði og réttlæti. Börn beita ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Hlutverk okkar í Rjúpnahæð er að styðja við fróðleiksporsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau skilja og hugsa hlutina. Út frá því er þeim kynntur nýr efniviður og hugmyndir, sem vekja þau til umhugsunar um sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Mikilvægt er að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta.

Markmið:

- Börnin læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu sínu
- Efniviður sem börnin fá að nota og kynnast sé fjölbreyttur
- Vinna með stærðfræðileg viðfangsefni. Eins og t.d. form og tölur.

Leiðir:

- Kenna börnunum að ganga vel um eigur sínar og annarra
- Kenna börnunum að ganga frá eftir sig og rétta öðrum hjálparhönd
- Börnin beri ábyrgð á útileiksvæðinu með kennurum, þ.e.a.s að það aðstoði við að halda lóðinni snyrtilegri, taka til/ganga frá eftir sig
- Kenna börnunum að hlusta á aðra og læra að setja sig í spor annarra t.d. í gegnum samræður í samverustund.
- Fá tækifæri á vísindastarfi og sulli sem er stór hluti af flæðinu
- Kynnist ræktun kryddjurta og matjurta
- Ræða um og gera tölur, tákni og mynstur sýnilegt

Sköpun og menning

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi Rjúpnahæðar á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Hlutverk okkar felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum.

Markmið:

- Börnin fá tækifæri að vera skapandi á fjölbreyttan hátt
- Börnin fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og hugmyndir gegnum myndsköpun
- Fræða börnin þannig að þau fái að kynnast landi sínu og þjóð
- Að börnin læri góð samskipti, tillitsemi og að deila með öðrum
- Að börnin læri að vinna í hóp að sameiginlegu verkefni og noti lýðræðisleg og sjálfstæð vinnubrögð

Leiðir:

- Kennarar skipuleggja umhverfið þannig að það sé skapandi og bjóði upp á fjölbreyttan og opin efnivið
- Gefa börnunum tækifæri til að tjái sig um verk sín með því að hlusta á börnin þegar þau eru að segja frá verkum sínum og einnig að kennarar spyrja út í myndirnar.
- Vinna með og fræðast um hefðir íslenskrar menningar s.s að hanna öskudagsbúning frá grunni, fræðast um gömlu dagana, íslenska fánann, dag íslenskrar tungu o.fl.

- Að börnin segir frá sjálfu sér og fjölskyldu sinni - með fjölskyldumyndunum geta myndast umræður um fjölskylduna og „fjölskyldan mín“ myndirnar sem þau gera.
- Lesnar verða sögur frá liðinni tíð og frá mismunandi menningarheimum
- Börnin læri að taka lýðræðislegar ákvarðanir

Tónlist

Tónlistin skiptir miklu máli inni á Lóuhreiðri, við hlustum mikið á tónlist, strax á morgnana setjum við ljúfa tóna í Ipodinn okkar. Við syngjum mikið með börnunum og tengjum tónlist við margt.

Markmið:

- Kynna fyrir börnunum fjölbreyttri tónlist
- Kynna fyrir börnunum mismunandi hljóðfæri
- Auka næmni fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda
- Efla sönggleði barnanna

Leiðir:

- Tónlistarstundir einu sinni í viku háttað með söng, hreyfingu og hljóðfærum.
- Söngstundir á hverjum degi, fjölbreytt lagaval. Í samverustund syngjum við mikið og þegar annar tími gefst t.d. á meðan við erum að bíða eftir matnum.
- Notum söngskjóðu til þess að draga úr og börnin fá nokkur að draga í hverri samverustund.
- Læra þulur og hreyfilög
- Nota hljóðfæri (eggchristur, stafir, trommur)
- Búa til hljóðfæri með börnunum.
- Vinastund, einu sinni í viku
- Spila fjölbreytta tónlist fyrir börnin

Vináttuverkefni Barnaheilla - Blær

Vináttuverkefni Barnaheilla er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla og fyrstu bekkji grunnskóla. Efnið heitir á frummálinu *Fri for mobberi* og er þýtt, staðfært, framleitt og gefið út í samstarfi við Red barnet - Save the Children og Mary Fonden í Danmörku. Frá árinu 2014 hefur *Vínátta* staðið leikskólum á Íslandi til boða. Mikil ánægja er með verkefnið þar sem það er notað og rannsóknir í Danmörku leiða í ljós mjög góðan árangur af notkun þess.

Markmið:

- Að börnin læri gildin fjögur um vináttu:
 - Hugrekki
 - Umburðarlyndi
 - Umhyggja
 - Virðing

Leiðir:

- Notað myndaspjöld
- Nýta bókina um Blæ
- Vera duglega að nota ýmis verkefni tengd vináttu
- Syngja/hlusta á lög sem fylgja verkefninu
- Skapa umræður um raunveruleg atvik

Lokaorð

Það er spennandi skólaár framundan hjá okkur með fjölbreyttum viðfangsefnum og spennandi verkefnum. Það er okkar meginmarkmið í starfi með börnum að þeim líði vel og finni til öryggis í leikskólanum. Leikurinn er tæki barnanna til náms og þroska og í vetur munum við leggja mikla áherslu á að stuðla að þróun leiks barnanna. Að okkar mati eru umræður mikilvægur hluti af leikskólastarfinu þar skapast fullkomið tækifæri til að fræða og kenna börnum um hin ýmsu málefni í samfélaginu. Við hlökkum til eiga lýðræðisleg samskipti við börnin og njóta vetrarins með þeim.

Vellíðan barnanna er í fyrirrúmi hjá okkur og leggjum við áherslu á að umhverfi barnanna sé rólegt og notalegt svo að gott sé að vinna í því.